

## Auglýsing um friðlýsingu Háubakkar í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] að tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur og í samráði við umhverfismálaráð og skipulagsnefnd borgarinnar, fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Háubakka við Elliðaárvog í Reykjavík sem náttúruvætti.

### Um mörk náttúruvættisins gilda eftirfarandi ákvæði:

Að vestan fylgja mörkin steiptum stoðvegg austan Súðarvogis að enda hans gegnt Tranavogi, frá punkti 1 (hnit x: 18059.19, y: 16237.0) norður að punkti 2 (x: 18066.71, y: 16360.65) sbr. uppdrátt. Þaðan bein lína til norðausturs í punkt 3 (x: 18030.28, y: 16409.50) og þaðan ræður hringbogi að punkti 4 (x: 18024.46, y: 16420.59) með 40.0 m radíus og miðju í punkt 36 (x: 18062.35, y: 16433.41). Síðan ræður bein lína til norðausturs að punkti 5 (x: 17995.26, y: 16506.87), þaðan til norðurs í punkt 6 (x: 17985.79, y: 16558.0), þar beygja mörkin til austurs í punkt 7 (x: 17908.0, y: 16558.0), þá til suðvesturs í punkt 8 (x: 18006.0, y: 16290.0) og enn til suðausturs í punkt 9 (x: 18038.0, y: 16237.0). Þá beygja mörkin loks til vesturs aftur í punkt 1 við Súðarvog. Mörkin fylgja hnitapunktum úr hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

### *Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:*

1. Varðveita skal jarðmyndanir svæðisins í núverandi mynd. Hverskonar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi leyfi [Umhverfisstofnunar].
2. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Þá er borgarstjórn heimilt, að höfðu samráði við umhverfismálaráð og skipulagsnefnd að setja nánari reglur um umferð og umgengni um svæðið.
3. Hverskonar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á hinu friðlýsta svæði.

Umhverfismálaráð hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði [Umhverfisstofnunar] og borgarstjórnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga. Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 30. maí 1983.

Ragnhildur Helgadóttir.

---

Birgir Thorlacius